

Ískyggileg sundrung

Útvarpsþátturinn „Spurningar um svör um íslenskt mál“ er mjög mikilsverður, og það er enganveginn tilgangur minn að bera á móti því, að mag. Björn Sigfússon hafi yfirleitt loflega annast þennan þátt, þó að jeg leyfi mjer að finna dálítið að síðasta erindi hans, þar sem mjer virtist nálega mega segja um hann „höggur sá sem hlífa skyldi“; því að sumt sem hann sagði þá, miðaði til að styðja að hættulegri tegund sundrungar, sem þessi síðustu ár hefir ágerst til muna, og að því er virðist mest vegna trassaskapar. Meiri og meiri brögð eru að verða að því, að í tveim eða fleiri orðum sje ritað það sem á að vera í einu. En með þessu er málinu spilt, og t. d. bæði börnum og útlendingum gert erfiðara að skilja bókmálið. Nú má vanalega sjá ritað — eða a. m. k. prentað — „enn þá“ þar sem á að vera „ennþá“, og þess er ekki gætt, að orðasamsteypa þýðir ekki sama sem orðin sundurlaus. Eins er um „altíeinu“ og „alt í einu“. „Einsog“ á að rita, en ekki „eins og“. Til samanburðar má nefna, að í latínu þýðir t. d. „et iam“ ekki sama sem „etiam“. „Kunningja konur“ sá jeg í blaði í dag, þar sem auðsjáanlega var um að ræða kunningjakonur, en ekki konur kunningja.

Fleiri dæmi hygg jeg þóparft að telja, því að þessi áttu að geta nægt til að vekja athygli á hirðuleysi sem ekki er alveg óskaðlegt íslenskri menningu.

9. júní.

Helgi Pjeturss.